Ársreikningur samstæðu

2014

Skipti hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9-35

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Skipta hf. og dótturfélaga þess, samanber skýringu 14, fyrir árið 2014. Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt rekstrarreikningi var heildarsala samstæðunnar á árinu 30.322 m.kr. samanborið við 29.922 m.kr. á fyrra ári. Hagnaður var af rekstri samstæðunnur sem nam 3.274 m.kr samanborið við tap að fjárhæð 16.987 á fyrra ári. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 61.047 m.kr. Eigið fé samstæðunnar nam 29.931 og var eiginfjárhlutfallið 49,0%. Að öðru leyti vísast til ársreiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Félagið seldi í lok árs 2,6 milljarða kröfu félagsins á hendur Glitni. Hagnaður félagsins af sölunni nam 305 milljónum króna en krafan var bókfærð á 2,3 milljarða króna. Með sölunni var eytt ákveðinni óvissu í efnahagsreikningi félagsins. Á fyrri hluta ársins var Siminn Denmark A/S seldur en það félag var stofnað í Danmörku í kjölfar kaupa Símans á tveimur fjarskiptafyrirtækjum þar í landi árið 2007.

Hlutafé í árslok skiptist á 133 hluthafa en þeir voru 134 í ársbyrjun. Í árslok 2014 voru 2 hluthafar með yfir 10% af hlutafé í félaginu, Arion banki hf. átti 38,32 % og Lífeyrissjóður verslunarmanna átti 13,23 %.

	Nafnverð hlutafjár í m.kr	Eignar hlutur
Arion banki hf.	3.698	38,32%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	1.277	13,23%
Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins B-deild	566	5,87%
Gildi lífeyrissjóður	521	5,39%
Lífeyrissjóður starfsm. ríkisins A-deild	489	5,06%
Íslandssjóður hf.	375	3,88%
Almenni lífeyrissjóðurinn	265	2,74%
Lífeyrissjóður Verkfræðinga	254	2,63%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	215	2,23%
Festa - lífeyrissjóður	209	2,16%
Tíu stærstu hluthafar samtals	7.867	81,51%
Aðrir hluthafar	1.783	18,49%
Hlutafé samtals	9.650	100,00%

Stjórnir Skipta hf. og Símans hf. hafa ákveðið að rekstur félaganna verði sameinaður undir nafni Símans hf. Sameiningin verður framkvæmd með félagaréttarlegum samruna þar sem Skipti hf. verður yfirtökufélagið.

Stjórn félagsins samanstendur af þremur karlmönnum (60%) og tveimur konum (40%) og uppfyllir með því 63. gr. hlutafélagalaga nr.2/1995 um hlutfall kynja í stjórn.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2014, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Skipta hf. hafa í dag fjallað um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2014 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 20. febrúar 2015

Stjórn

Sigríður Hrólfsdóttir, formaður

Heiðrún Jónsdóttir

Helgi Magnússon

Ingimundur Sigurpálsson

Stefán Árni Auðólfsson

Orri Hauksson
Forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Skiptum hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Skipta hf. fyrir árið 2014. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, eiginfjáryfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, efnahag þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 20. febrúar 2015

Deloitte ehf.

Hilmar A. Alfreðsson
endurskoðandi

Rekstrareikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Sala	6	29.912	29.495
Kostnaðarverð sölu		(16.404)	(15.711)
Framlegð		13.508	13.784
Aðrar rekstrartekjur		410	427
Rekstrarkostnaður	8	(9.132)	(9.467)
Virðisrýrnun	13	0	(14.055)
Rekstarhagnaður (tap)		4.786	(9.311)
Fjármunatekjur		1.108	510
Fjármagnskostnaður		(1.868)	(3.793)
Gangvirðisbreyting krafna vegna gjaldmiðlaskiptasamninga		0	(3.016)
Gengismunur		151	387
Hrein fjármagnsgjöld	9	(609)	(5.912)
Áhrif hlutdeildarfélaga	15	(62)	(22)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt		4.115	(15.245)
Tekjuskattur	10	(841)	(1.742)
Hagnaður (tap) ársins		3.274	(16.987)
Rekstrarliðir færðir á eigin fé sem munu fara yfir rekstur í framtíðinni			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga		241	446
		241	446
Heildarhagnaður (tap) ársins		3.515	(16.541)
Hagnaður (tap) ársins skiptist þannig:			
Hluthafar móðurfélags		3.280	(16.987)
Minnihluti		(6)	0
		3.274	(16.987)
Heildarhagnaður (tap) ársins skiptist þannig:			
Hluthafar móðurfélags		3.521	(16.539)
Minnihluti		(6)	(2)
		3.515	(16.541)
Hagnaðarhluti:			
Hagnaður (tap) á hlut / þynntur hagnaður (tap) á hlut	11	0,34	(1,84)

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

	Skýr.	31.12.2014	31.12.2013
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	14.416	13.951
Viðskiptavild	13	31.158	31.151
Óefnislegar eignir	13	2.553	2.259
Aðrar fjármunaeignir	15	368	306
Reiknuð skattainneign	21	141	882
Fastafjármunir		48.636	48.549
Veltufjármunir			
Birgðir	16	2.163	1.494
Viðskiptakröfur	17	5.656	4.915
Aðrar skammtímakröfur	18	585	3.131
Handbært fé		4.007	609
Veltufjármunir		12.411	10.149
Eignir alls		61.047	58.698
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutafé	19	9.650	9.650
Yfirverðsreikningur		35.766	35.766
Þýðingarmunur		606	365
Óráðstafað eigið fé		(16.016)	(19.296)
Eigið fé hluthafa móðurfélags		30.006	26.485
Hlutdeild minnihluta		(75)	(52)
Eigið fé samtals		29.931	26.433
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán	20	24.065	25.351
Langtímaskuldir		24.065	25.351
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		3.822	3.534
Næsta árs afborganir langtímaskulda	20	1.364	1.360
Skattar til greiðslu		104	307
Aðrar skammtímaskuldir	22	1.761	1.713
Skammtímaskuldir		7.051	6.914
Skuldir samtals		31.116	32.265
Eigið fé og skuldir alls		61.047	58.698

Eiginfjáryfirlit ársins 2014

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Þýðingar-munur	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Minnihluti	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2013	8.725	8.604	(83)	(9.328)	7.918	(25)	7.893
Tap ársins				(16.987)	(16.987)	0	(16.987)
Þýðingarmunur			448		448	(2)	446
Heildarafkoma ársins	0	0	448	(16.987)	(16.539)	(2)	(16.541)
Umbreyting skulda	925	27.162		7.019	35.106		35.106
Breyting á minnihlutaeign					0	(25)	(25)
Eigið fé 31.12.2013	9.650	35.766	365	(19.296)	26.485	(52)	26.433
Eigið fé 1.1.2014	9.650	35.766	365	(19.296)	26.485	(52)	26.433
Hagnaður ársins				3.280	3.280	(6)	3.274
Þýðingarmunur			241		241	0	241
Heildarafkoma ársins	0	0	241	3.280	3.521	(6)	3.515
Breyting á minnihlutaeign					0	(17)	(17)
Eigið fé 31.12.2014	9.650	35.766	606	(16.016)	30.006	(75)	29.931

Yfirlit um stjóðstreymi ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi		4.786	(9.311)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýrnun	12,13	3.527	17.621
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(9)	(38)
		8.304	8.272
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(760)	(1.283)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		7.544	6.989
Innborgaðir vextir		356	323
Greiddir skattar		(302)	(34)
Greiddir vextir		(1.803)	(2.156)
Handbært fé frá rekstri		5.795	5.122
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12	(4.039)	(3.459)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	13	(485)	(408)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		34	150
Skuldabréfaeign, breyting		1	15
Sala á félögum	14	722	(72)
Aðrar fjárfestingar	18	2.735	(50)
Fjárfestingarhreyfingar		(1.032)	(3.824)
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður til minnihluta		(2)	(25)
Afborganir langtímalána		(1.361)	(814)
Skammtímalán, breyting		0	(447)
Fjármögnunarhreyfingar		(1.363)	(1.286)
Hækkun á handbæru fé		3.400	12
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(2)	(9)
Handbært fé í upphafi árs		609	606
Handbært fé í lok árs		4.007	609
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Langtímaskuldir		0	(34.703)
Skammtímaskuldir		0	(403)
Hlutafé		0	925
Yfirverð hlutafjár		0	34.181

Skýringar

1. Starfsemi

Skipti hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur fyrir árið 2014 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "félagsins" og til einstakra félaga sem "dótturfélaga".

Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins.

2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

2.1 Nýir og endurbættir staðlar/túlkanir

Samstæðuársreikningur Skipta hf. er gerður í samræmi við nýja og endurbætta staðla (IFRS/IAS) og túlkanir sem tóku gildi á árinu 2014.

Félagið hefur ekki innleitt nýja og endurbætta staðla sem hafa verið útgefnir en ekki tekið gildi. Stjórnendur félagsins telja að þessir nýju og endurbættu staðlar hafi óveruleg áhrif á fjárhæðir í ársreikningi félagsins.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

3.1 Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Samstæðuársreikningur Skipta hf. fyrir árið 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

3.2 Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

3.3 Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

3.4 Sameining félaga

Kaup á dótturfélögum eru færð samkvæmt kaupaðferð. Samkvæmt kaupaðferð eru eignir, skuldir og eiginfjárgerningar útgefnir af samstæðunni, sem látin eru í skiptum fyrir yfirráð í keyptu félagi, metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptakostnaður tengdur kaupunum er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Ef kaupin fela í sér óvissa greiðslu er eignin eða skuldin sem tengist kaupunum metin á gangvirði á kaupdegi og hluti kaupverðsins sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í eignum, skuldum og óvissum skuldum félaga á kaupdegi er færður sem viðskiptavild. Síðari breytingar á gangvirði slíkra eigna og skulda eru færðar til jöfnunar á kostnaði tengdum kaupunum þar sem þær uppfylla skilyrði um leiðréttingu á tímabilinu (sjá hér að neðan). Allar aðrar síðari breytingar á gangvirði óvissra eigna og skulda eru færðar í samræmi við viðeigandi IFRS staðal.

Matstímabilið er frá kaupdegi til þess dags er félagið hefur fengið fullnægjandi upplýsingar um aðstæður á kaupdegi, að hámarki 1 ár.

3.5 Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra og eru hvorki dótturfélög né félög í samrekstri. Veruleg áhrif eru til staðar þegar samstæðan tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga.

Gerð er grein fyrir eignarhluta í hlutdeildarfélögum með hlutdeildaraðferð. Samkvæmt hlutdeildaraðferðinni eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir í samstæðureikningi á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild samstæðunnar er aðeins gjaldfært hafi samstæðan gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptavild er sá hluti kaupverðsins sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í eignum, skuldum og óvissum skuldum hlutdeildarfélaga á kaupdegi. Viðskiptavildin er hluti af bókfærðu verði fjárfestingarinnar í samstæðunni og er metin með tilliti til virðisrýrnunar. Ef kaupverð reynist lægra en gangvirði eigna, skulda og óvissra skulda myndast neikvæð viðskiptavild sem er tekjufærð á kaupári.

Hagnaður eða tap af viðskiptum samstæðunnar í hlutdeildarfélagi er fært til samræmis við hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélaginu.

3.6 Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við sameiningar er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi (á kaupdegi). Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavildin er færð í starfsrækslugjaldmiðli keyptu einingarinnar og uppreiknuð miðað við uppgjörsgengi í lok uppgjörstímabils.

Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftar ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er hærra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðar aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi fjárskapandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum.

Við sölu á dótturfélagi þá er fjárhæð viðskiptavildar sem rekja má til þess reiknað inn í söluhagnað eða sölutap sem birt er í rekstrarreikningi.

Reglur félagsins varðandi viðskiptavild í hlutdeildarfélögum þess má sjá í lið 3.5 hér að ofan.

3.7 Tekjur

Tekjur eru skráðar við afhendingu vöru eða þegar þjónustan hefur verið veitt, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti og meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda. Tekjur eru færðar á gangvirði móttekinnar eða innheimtanlegrar greiðslu að frádregnum afsláttum og vöruskilum.

Megintekjuflokkar félagsins eru eftirfarandi: Samtengingar- og reikitekjur, mánaðargjöld, stofngjöld, línuleigur, útseld vinna og notendabúnaður. Þjónusta og búnaður eru seld saman í pökkum eða sitt í hvoru lagi.

Mánaðargjöld eru tekjufærð miðað við áskriftartímabil en tekjur vegna umferðar eru færðar miðað við raunverulega notkun viðskiptavina. Tekjum vegna fyrirframgreiddrar þjónustu er frestað ef viðskiptavinur nýtir ekki þá þjónustu sem hann hefur greitt fyrir.

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda.

Auglýsingatekjur í sjónvarpi eru færðar í rekstrarreikning þegar auglýsingar eru birtar. Tekjufærsla þeirra er gerð við fyrstu sýningu þrátt fyrir að sama auglýsing geti verið birt oftar en einu sinni vegna endursýninga á sjónvarpsþáttum. Sama regla gildir um kostun einstakra sjónvarpsþátta.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

3.8 Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og ávinningur af eignarréttindum er framseldur leigutaka. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Félagið er ekki með neina fjármögnunarleigusamninga.

Leigugreiðslum er skipt á milli fjármagnskostnaðar og afborgana þannig að hlutfall fjármagnskostnaðar haldist óbreytt út samningstímann. Fjármagnskostnaður er gjaldfærður nema þegar hann tilheyrir eignfærsluhæfri eign en þá er hann eignfærður í samræmi við reglur félagsins um meðferð fjármagnskostnaðar. Óvissar leigugreiðslur eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Óvissar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

3.9 Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningar félaga innan samstæðunnar eru gerðir í þeim gjaldmiðli sem stærstur hluti starfseminnar heyrir undir, þ.e. starfsrækslugjaldmiðli. Við gerð ársreiknings samstæðu eru ársreikningar dótturfélaganna umreiknaðir í íslenskar krónur sem er starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill móðurfélagsins.

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Efnislegar eignir og skuldir metnar á gangvirði eru færðar miðað við skráð gengi reikningsskiladags. Efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi.

Við gerð samstæðuársreiknings eru eignir og skuldir erlendra félaga umreiknaðar á skráðu gengi reikningsskiladags. Tekjur og gjöld eru umreiknuð á meðalgengi ársins.

Við sölu erlendrar rekstrareiningar er uppsafnaður gengismunur tengdur rekstrareiningunni í samstæðunni færður af eigin fé í rekstrarreikning. Þýðingarmunur sem búið var að ráðstafa til minnihluta er bakfærður en ekki gjaldfærður í rekstrarreikning.

Viðskiptavild og gangvirðisbreytingar vegna kaupa á erlendri starfsemi eru færðar á skráðu gengi reikningsskiladags.

3.10 Lántökukostnaður

Allur lántökukostnaður er færður strax til gjalda á lántökuári.

3.11 Skattamál

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi á hverju skattasvæði.

Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er uppreiknuð fyrir allan tímabundin mismun. Tekjuskattsinneign er uppreiknuð að því marki sem metið er að nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær.

Tekjuskattsskuldbinding er færð fyrir tímabundnum mismun af fjárfestingum í dóttur- og hlutdeildarfélögum nema þegar talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattsinneign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman innan samstæðunnar þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skattar tímabilsins

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður meðal eigin fjár.

3.12 Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning.

3.13 Óefnislegar eignir

Keyptar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætlaðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurmetnar í lok hvers reikningsskilatímabils.

Óefnislegar eignir sem myndast við sameiningu félaga

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupdegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

3.14 Virðisrýrnun af öðrum eignum en viðskiptavild

Á reikningsskiladegi fer samstæðan yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna fyrir utan birgðir og tekjuskattsinneign í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna

Óefnislegar eignir sem hafa óendanlegan líftíma og óefnislegar eignir sem ekki eru tilbúnar eru yfirfarnar í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færist í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkunin færð sem endurmatshækkun.

3.15 Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

3.16 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirliggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er skuldbinding færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

Skuldbindingar vegna endurskipulagningar eru færðar þegar formleg áætlun liggur fyrir um endurskipulagningu og hún hefur verið kynnt þeim er málið varðar. Mat kostnaðar vegna endurskipulagningar tekur aðeins til beins kostnaðar við endurskipulagninguna.

3.17 Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir til sölu (e. available for sale), og lán og kröfur (e. loans and receivables). Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar. Öll almenn viðskipti með fjáreignir eru skráð á viðskiptadegi. Með almennum viðskiptum er átt við kaup og sölu fjáreigna sem grundvallast af samningi eða markaðsvenjum um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga. Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjáreignir til sölu

Fjáreignir til sölu eru fjáreignir, aðrar en afleiður, sem flokkaður eru til sölu og eru ekki lán og kröfur, fjárfestingar til gjalddaga eða fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Félagið á óskráð hlutabréf sem flokkuð eru sem fjáreignir til sölu. Þar sem markaðsverð þess hlutar er ekki ákvarðað á virkum markaði og ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti, er hlutinn skráður á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Breytingar á bókfærðu verði fjáreigna til sölu má rekja til að arður af hlutabréfum eru færður í gegnum rekstrarreikning. Aðrir þættir sem valda breytingum á bókfærðu virði eru færðir í gegnum aðra heildarafkomu. Þegar fjáreign til sölu er seld eða afskrifuð er uppsafnaður hagnaður eða tap á endurmatsreikningi fjárfestinga endurflokkaður yfir í rekstrarreikning.

Arður af fjáreignum til sölu er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkaðar sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni

Virðisrýrnun eigna

Á reikningsskiladegi er bókfært verð fjáreigna metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikningi, þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Ákveðin tegund fjáreigna eins og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig. Þegar talið er að fjáreign til sölu hafi orðið fyrir virðisrýrnun er áður færður hagnaður eða tap meðal eigin fjár fært í rekstrarreikning.

Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

3.18 Fjárskuldir

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar sem aðrar fjárskuldir.

Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, viðskiptaskuldir og aðrar fjárskuldir eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta.

Afskráning fjárskulda

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar er fært í rekstrarreikning.

3.19 Gangvirðisvarnir

Breytingar á gangvirði afleiðna, sem skilgreindar eru og uppfylla skilyrði um gangvirðisvarnir, eru færðar í rekstrarreikning ásamt þeim breytingum sem verða á gangvirði undirliggjandi eignar eða skuldar sem hægt er að rekja til áhættuvarnarinnar.

Hætt er að beita áhættuvarnarreikningsskilum þegar áhættuvörn fellur úr gildi, er seld, sagt upp, innleyst, eða þegar áhættuvarnarsambandið fellur ekki lengur undir skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil. Gangvirðisbreytingar á bókfærðu verði áhættuvörðu eignarinnar sem rekja má til áhættuvarnarinnar eru afskrifaðar í rekstrarreikning frá þeim degi.

Áhættuvörn vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi

Áhættuvarnir vegna hreinnar fjárfestingar í erlendri starfsemi eru færðar með sambærilegum hætti og sjóðstreymisvarnir. Hagnaður eða tap af áhættuvörninni sem tengist virka hlutanum er færður á þýðingarmun á meðal eigin fjár. Hagnaður eða tap af óvirka hlutanum er færður í rekstrarreikning.

Hagnaður og tap af áhættuvörninni sem tengist virka hlutanum og er uppsafnaður í þýðingarmun er endurflokkaður í rekstrarreikningi á sama hátt og gengismunur af erlendu starfseminni.

4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, sem farið er yfir í skýringu 3, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Raunverulegt verð getur orðið annað en slíkt mat.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Við gerð virðisrýrnunarprófs þarf að leggja mat á fjárhæðir sem tengjast sjóðskapandi einingum. Stjórnendur þurfa að meta framtíðarsjóðstreymi frá sjóðskapandi einingum og meta ávöxtunarkröfu sem notuð er til að reikna núvirði einninganna (skýring 13).

5. Starfsþættir

Samkvæmt IFRS 8 eru starfsþættir byggðir á sama niðurbroti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins þar sem stjórnin fer reglulega yfir starfsemi og metur.

2014	Fjarskipta-þjónusta	Upplýsinga-tækni	Sjónvarps-þjónusta	Jöfnunar-færslur	Samtals
Rekstrartekjur	23.151	3.548	3.623		30.322
Sala innan samstæðu	65	681	58	(804)	0
Rekstrargjöld	(16.845)	(3.791)	(2.178)	804	(22.010)
Afskriftir	(3.074)	(111)	(341)		(3.526)
Rekstrarhagnaður	3.297	327	1.162	0	4.786
Fjármagnskostnaður					(609)
Áhrif hlutdeildarfélaga					(62)
Skattar					(841)
Hagnaður ársins					3.274
Fjárfestingar	3.783	275	466		4.524
Eignir	56.063	3.015	1.969		61.047
Skuldir	(29.249)	(1.475)	(392)		(31.116)

Skýringar

2013	Fjarskipta-þjónusta	Upplýsinga-tækni	Sjónvarps-þjónusta	Jöfnunar-færslur	Samtals
Rekstrartekjur	24.702	1.821	3.399		29.922
Sala innan samstæðu	54	740	57	(851)	0
Rekstrargjöld	(17.318)	(2.365)	(2.780)	851	(21.612)
Afskriftir	(3.147)	(91)	(328)		(3.566)
Virðisrýrnun	(14.055)				(14.055)
Rekstarhagnaður (tap)	(9.764)	105	348	0	(9.311)
Fjármagnskostnaður					(5.912)
Áhrif hlutdeildarfélaga					(22)
Skattar					(1.742)
Tap ársins					(16.987)
Fjárfestingar	3.342	35	490		3.867
Eignir	55.156	1.852	1.690		58.698
Skuldir	(31.192)	(664)	(409)		(32.265)

6. Sundurliðun sölu

	2014	2013
Sala á þjónustu	25.343	26.893
Vörusala	4.569	2.602
	29.912	29.495

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

Skýringar

7. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2014	2013
Stöðugildi að meðaltali	846	871
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	6.887	6.615
Lífeyrisiðgjöld	626	558
Önnur launatengd gjöld	684	636
	8.197	7.809

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2014 námu 416 m.kr. (2013 548 m.kr.).

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði;	2014	2013
Kostnaðarverð sölu	3.547	3.528
Rekstrarkostnaður	4.650	4.281
	8.197	7.809

8. Annar rekstrarkostnaður

	2014	2013
Laun	4.650	4.281
Markaðs- og sölukostnaður	775	819
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður	1.510	1.559
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	511	641
Afskrifaðar tapaðar kröfur	112	153
Annar rekstrarkostnaður	1.200	1.389
Afskriftir	374	625
	9.132	9.467

9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2014	2013
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	35	42
Vaxtatekjur af kröfum og verðbréfaeign	319	279
Tekjufærsla vegna kaupa á félagi	0	212
Arður og söluhagnaður af eignarhlutum	754	(23)
	1.108	510
Fjármagnsgjöld		
Vaxtagjöld	(1.787)	(3.205)
Verðbætur	(81)	(588)
	(1.868)	(3.793)
Gangvirðisbreyting krafna vegna gjaldmiðlaskiptasamninga	0	(3.016)
Gengismunur	151	387
Fjármagnsgjöld samtals	(609)	(5.912)

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Tekjuskattur vegna ársins 2014 til greiðslu á árinu 2015 nemur 12 milljónum króna.

Greining á virku skatthlutfalli:	2014		2013	
Hagnaður (tap) fyrir skatta		4.115		(15.245)
Skatthlutfall	-20,0%	(823)	-20,0%	3.049
Virðisrýrnun, ófrádráttarbær frá skatti	0,0%	0	18,4%	(2.811)
Ófrádráttarbær kostnaður	0,0%	(1)	1,2%	(176)
Aðrar breytingar	1,2%	51	0,9%	(142)
Endurálagning skattayfirvalda	-1,7%	(68)	16,8%	(2.562)
Varúðarfærsla	0,0%	0	-5,9%	900
Skattur samkvæmt rekstrareikningi	-20,4%	(841)	-3,1%	(1.742)

Í mars 2011 fékk félagið bréf frá skattayfirvöldum varðandi gjaldfærðan fjármagnskostnað vegna kaupa á Símanum af íslenska ríkinu árið 2005. Síminn var sameinaður móðurfélagi sínu Skiptum ehf. árið 2005. Túlkun skattayfirvalda er að allur fjármagnskostnaður sem má rekja til skulda móðurfélagsins sé ekki frádráttarbær frá skatti hins sameinaða félags. Skattayfirvöld hafa endurákvarðað skatta fyrir tímabilið 2007-2012 með vísun í dómsmál 555/2012 Hæstaréttar þann 28. febrúar 2013. Félagið gjaldfærði 2.562 m.kr í rekstrareikningi árins 2013 vegna þá fyrirhugaðrar endurálagningar. Við endanlega álagningu voru gjaldfærðar 68 m.kr á árinu 2014.

11. Hagnaður (tap) á hlut

Grunnhagnaður (tap) á hlut er miðað við hagnað (tap), sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hvað hagnaður (tap) er á hverja krónu hlutafjár.

	2014	2013
Hagnaður (tap) ársins til hluthafa í móðurfélaginu	3.280	(16.987)
Vegið meðaltal útistandandi hluta	9.650	9.213
Hangaður (tap) á hlut og þynnt tap á hlut	0,34	(1,84)

Í árslok eru engir kaupréttarsamningar við starfsmenn né aðrir gerningar sem hafa áhrif á þynntan hagnað (tap) á hlut og því er það jafnt hagnaði (tapi) á hlut.

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

2013	Fjarskipta-búnaður	Fasteignir og lóðir	Tæki, búnaður og bifreiðar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2013	39.675	2.984	2.494	45.153
Kaup á árinu	3.124	39	296	3.459
Viðbót vegna kaupa á félagi	451			451
Selt og niðurlagt á árinu	(2.839)	(119)	(182)	(3.140)
Gengismunur	(85)		(4)	(89)
Staða 31.12.2013	40.326	2.904	2.604	45.834
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2013	(28.120)	(1.427)	(1.965)	(31.512)
Afskriftir	(2.985)	(85)	(249)	(3.319)
Viðbót vegna kaupa á félagi	(162)			(162)
Selt og niðurlagt á árinu	2.821	32	174	3.027
Gengismunur	80		3	83
Staða 31.12.2013	(28.366)	(1.480)	(2.037)	(31.883)
Bókfært verð 31.12.2013	11.960	1.424	567	13.951

2014 **Kostnaðarverð**	Fjarskipta-búnaður	Fasteignir og lóðir	Tæki, búnaður og bifreiðar	Samtals
Staða 1.1.2014	40.326	2.904	2.604	45.834
Kaup á árinu	3.684	31	324	4.039
Sala á félagi	(1.140)		(32)	(1.172)
Endurflokkað	(117)		117	0
Selt og niðurlagt á árinu	(2.782)	(13)	(345)	(3.140)
Gengismunur	(25)		(1)	(26)
Staða 31.12.2014	39.946	2.922	2.667	45.535
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2014	(28.366)	(1.480)	(2.037)	(31.883)
Afskriftir	(3.163)	(85)	(247)	(3.495)
Sala á félagi	1.092		28	1.120
Endurflokkað	40		(40)	0
Selt og niðurlagt á árinu	2.773	11	331	3.115
Gengismunur	24			24
Staða 31.12.2014	(27.600)	(1.554)	(1.965)	(31.119)
Bókfært verð 31.12.2014	12.346	1.368	702	14.416

Fasteignamat húseigna og lóða samstæðunnar nam 1.646 m.kr. (2013: 1.515 m.kr.) og brunabótamat 3.142 m.kr. (2013: 3.125 m.kr.). Búnaður félagsins er tryggður fyrir 14.253 m.kr. (2013: 28.262 m.kr.). Allir varanlegir rekstarfjármunir félagsins eru veðsettir vegna lántöku félagsins.

Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði

	2014	2013
Kostnaðarverð sölu	3.153	2.941
Rekstrarkostnaður	374	625
Samtals	3.527	3.566

Nýtingartími greinist eftirfarandi:

Fjarskiptabúnaður	4 - 18 ár
Fasteignir	15 - 33 ár
Tæki, búnaður og bifreiðar	3 - 10 ár

13. Óefnislegar eignir

2013	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2013	62.013	4.631	3.118	69.762
Kaup á árinu		370	38	408
Gengismunur	(526)	(7)	(102)	(635)
Selt og niðurlagt á árinu		(63)		(63)
Staða 31.12.2013	61.487	4.931	3.054	69.472
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2013	(16.807)	(4.253)	(1.394)	(22.454)
Afskrift ársins		(196)	(50)	(246)
Virðisrýrnun	(14.055)			(14.055)
Gengismunur	526	(1)	105	630
Selt og niðurlagt á árinu		63		63
Staða 31.12.2013	(30.336)	(4.387)	(1.339)	(36.062)
Bókfært verð 31.12.2013	31.151	544	1.715	33.410

Skýringar

2014	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Aðrar óefnis-legar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2014	61.487	4.931	3.054	69.472
Kaup á árinu		394	91	485
Viðbót vegna kaupa á hlut í félagi	7			7
Gengismunur	(154)	(2)	(35)	(191)
Sala á félagi	(6.480)	(96)	(165)	(6.741)
Selt og niðurlagt á árinu		(54)		(54)
Staða 31.12.2014	54.860	5.173	2.945	62.978
Afskriftir og virðisrýrnun				
Staða 1.1.2014	(30.336)	(4.387)	(1.339)	(36.062)
Afskrift ársins		(150)	119	(31)
Gengismunur	154	1	35	190
Sala á félagi	6.480	44	58	6.582
Selt og niðurlagt á árinu		54		54
Staða 31.12.2014	(23.702)	(4.438)	(1.127)	(29.267)
Bókfært verð 31.12.2014	31.158	735	1.818	33.711

Nýtingartími greinist á eftirfarandi hátt:

Hugbúnaður	2 - 7 ár	Viðskiptamannagrunnur	5 ár
Eignfærður þróunarkostnaður	5 ár	Aðrar eignir	3 - 15 ár

Hugbúnaður félagsins er veðsettur vegna lántöku félagsins.

13.1 Árlegt virðisrýrnunarpróf

Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs var endurheimtanlegt virði metið útfrá nýtingarvirði þeirra fjárskapandi eininga sem viðskiptavildin tilheyrir.

Viðskiptavild greinist þannig niður á fjárskapandi einingar:

	2014	2013
Viðskiptavild Símans hf. og Mílu ehf., fjarskiptaþjónusta	30.352	30.352
Viðskiptavild Sensa ehf., upplýsingatækni	776	776
Viðskiptavild Radíómiðunar ehf., fjarskiptaþjónusta	30	23
	31.158	31.151

Fjárstreymi var áætlað með hliðsjón að fjárhæðum í samþykktum rekstraráætlunum næstu fimm ára, eftir spátímabilið er gert ráð fyrir föstum framtíðarnafnvexti. Meginforsendur eru söluvöxtur, framlegð, framtíðarfjárfesting og vöxtur eftir fimm ára spátímabilið. Ávöxtunarkrafan byggir á áhættulausum vöxtum að viðbættu álagi á samsetningu fjármögnunar.

Við mat á virði vörumerkja er byggt á væntu framtíðar fjárstreymi miðað við gefnar forsendur um endingartíma og að teknu tilliti til hugsanlegra skattaáhrifa. Ávöxtunarkrafan miðar við áhættulausa vexti að viðbættu álagi vegna sérstakrar og væntrar áhættu við viðkomandi vörumerki.

Skýringar

Meginforsendur sem liggja að baki virðisrýrnunarprófinu eru eftirfarandi :

	2014	2013
Síminn / Míla		
Langtímavöxtur	2,9%	2,6%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2015-2019/2014-2018	2,2%	1,8%
WACC	10,6%	10,4%
Sensa		
Langtímavöxtur	4,0%	4,0%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2015-2019/2014-2018	8,5%	5,6%
WACC	13,9%	13,7%
Radíómiðun		
Langtímavöxtur	2,5%	2,5%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2015-2019/2014-2018	3,4%	4,2%
WACC	19,2%	19,1%

Virðisrýrnun sem er færð til gjalda í rekstrarreikningi félagsins sérstakri í línu undir rekstrarkostnaði er eftirfarandi:

	2014	2013
Virðisrýrnun Símans hf.	0	14.055
Virðisrýrnun samtals	0	14.055

Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs viðskiptavildar verða stjórnendur að meta ákveðnar forsendur sem notaðar eru í árlegu virðisrýrnunarprófi. Slíkt mat felur alltaf í sér ákveðna óvissu sem getur haft veruleg áhrif á útkomu prófanna ef forsendur reynast rangar. Breytingar á eftirfarandi forsendum hefðu eftirfarandi áhrif á bókfært virði viðskiptavildar félagsins:

	Radíómiðun	Sensa	Síminn/Míla
Hækkun ávöxtunarkröfu um eitt prósentustig	0	0	(3.985)
Lækkun á framtíðarvexti um eitt prósentustig	0	0	(2.457)
Lækkun EBITDA um 5%	0	0	(2.760)

14. Dótturfélög

	Staðsetning starfsemi	Eignarhluti
Míla ehf.	Ísland	100,0%
Gagnaveita Skagafjarðar ehf.	Ísland	100,0%
On-Waves ehf.	Alþjóðleg	90,0%
Radíómiðun ehf.	Ísland	100,0%
Sensa ehf.	Ísland	100,0%
Sensa DK Aps	Danmörk	73,5%
Siminn DK Aps	Danmörk	100,0%
Síminn hf.	Ísland	100,0%
Skjá miðlar ehf.	Ísland	100,0%
Skjárinn ehf.	Ísland	100,0%
Staki ehf.	Ísland	100,0%
Talenta ehf.	Ísland	80,5%
Farsímagreiðslur ehf.	Ísland	55,5%

Í júní keypti félagið 25% hlut í Radíómiðun ehf., en fyrir kaupin átti félagið 75% hlut í Radíómiðun ehf.

Þann 1.apríl 2014 var Siminn Denmark A/S seldur en það félag var stofnað í Danmörku í kjölfar kaupa Símans á tveimur fjarskiptafyrirtækjum þar í landi árið 2007. Við sölu stóðu eignir og skuldir þess félags í eftirfarandi fjárhæðum:

Varanlegir rekstrarfjármunir	211
Veltufjármunir	594
	805
Skuldir	811
Seld hrein eign í dótturfélagi	(6)

15. Fjárfestingar og verðbréf

15.1 Hlutdeildarfélög

Á árinu var hlutdeild í tapi hlutdeildarfélaga 62 m.kr. (2013: tap 22 m.kr.).

	Staðsetning	Eignarhlutur	2014	2013
Auðkenni ehf	Ísland	20%	97	90
Stefja ehf	Ísland	30%	30	38
GO loyalty solutions ehf.	Ísland	33%	8	0
Samtals			135	128

15.2 Aðrar fjárfestingar

	2014	2013
Eignarhlutur í öðrum félögum	7	7
Langtímakröfur	226	171
Samtals	233	178

Í árslok átti félagið hlutabréf í tveimur erlendum félögum og þremur innlendum félögum þar sem eignarhlutir voru lægri en 20%.

16. Birgðir

	2014	2013
Rekstrarvörubirgðir	1.292	837
Verk í vinnslu	124	54
Sjónvarpsefni til sýningar	747	603
Birgðir samtals	2.163	1.494

Allar birgðir félagsins eru veðsettar vegna lántöku.

17. Viðskiptakröfur

	2014	2013
Viðskiptakröfur	6.052	5.347
Afskriftarsjóður viðskiptakrafna	(396)	(432)
	5.656	4.915
Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:		
Staða í ársbyrjun	(432)	(389)
Framlag í afskriftarsjóð	(114)	(148)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu	108	105
Sala á dótturfélagi	42	0
Staða í lok árs	(396)	(432)

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Lánsáhætta vegna viðskiptavina er lítil þar sem að viðskiptamenn félagins eru margir og ótengdir. Allar viðskiptakröfur félagsins eru veðsettar vegna lántöku félagsins.

18. Aðrar skammtímakröfur

	2014	2013
Gjaldmiðlaskiptasamningar	0	2.300
Fyrirframgreiddur kostnaður	461	409
Aðrar skammtímakröfur	124	422
Samtals aðrar skammtímakröfur	585	3.131

Félagið seldi á árinu kröfu félagsins á hendur Glitni vegna gjaldmiðlaskiptasamninga. Hagnaður af sölunni nam 305 m.kr.

19. Hlutafé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 9.650 m.kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna (2013: 9.650 m.kr). Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði. Allir útgefnir hlutur eru greiddir að fullu. Félagið á eigin bréf að fjárhæð 19 kr. (2013: 19 kr).

20. Langtímaskuldir

Lán félagsins greinast niður á gjaldmiðla á eftirfarandi hátt:	2014	2013
Skuldir í DKK	2	3
Skuldir í ISK	25.427	26.708
Næsta árs afborganir	(1.364)	(1.360)
	24.065	25.351

Afborganir langtímaskulda greinast þannig:

	2014	2013
Afborganir 2015/2014	1.364	1.360
Afborganir 2016/2015	1.364	1.360
Afborganir 2017/2016	1.364	1.360
Afborganir 2018/2017	1.364	1.360
Afborganir 2019/2018	14.347	1.360
Afborganir síðar	5.626	19.911
	25.429	26.711

Í lánasamningum félagsins eru ýmsar hömlur á aðgerðir félagins og leita þarf samþykkis lánveitenda fyrir þeim. Í lánasamningum eru kvaðir um að uppfylla ákveðin fjármálahlutföll.

21. Frestaður skattur

Reiknuð tekjuskattsinneign greinist þannig:	2014	2013
Reiknuð tekjuskattsinneign í ársbyrjun	882	2.436
Gengismunur	0	(4)
Reiknaður tekjuskattur af afkomu ársins	(703)	126
Skattar til greiðslu á næsta ári	10	284
Leiðrétting á sköttum fyrri ára	(48)	(298)
Leiðrétting vegna endurálagningar	0	(2.562)
Varúðarfærsla	0	900
	141	882

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:		
Varanlegir rekstrarfjármunir	(569)	(659)
Skammtímakröfur	(2)	15
Gengismunur	(84)	(112)
Aðrir liðir	(179)	1.336
Skattalegt tap	975	302
	141	882

22. Aðrar skammtímaskuldir

	2014	2013
Áfallinn kostnaður	1.150	1.075
Ógreiddur virðisaukaskattur	560	532
Aðrar skammtímaskuldir	51	106
	1.761	1.713

23. Áhættustýring

Stýring fjármögnunaráhættu:

Félagið stýrir fjárhagssamsetningu þannig að tryggt sé að félög samstæðunnar séu rekstrarhæf, með það markmið að hámarka hagnað hluthafa með því að finna bestu samsetningu eigin fjár á móti skuldum. Stefna félagsins er óbreytt frá fyrra ári.

Fjárhagssamsetning félagsins samanstendur af lánum sem nánar eru upplistuð í skýringu númer 20, handbæru fé og eigin fé meirihluta í móðurfélagi sem samanstendur af útgefnu hlutafé, varasjóðum og óráðstöfuðu eigin fé.

Stýring fjárhagslegrar áhættu:

Starfsemi félagsins hefur það í för með sér að rekstur, eignir, skuldir og hlutafé eru undirorpin fjármögnunaráhættu. Sú áhætta samanstendur meðal annars af markaðsáhættu, mestmegnis tengdri gengi gjaldmiðla og vaxtastigi, lánsáhættu og lausafjáráhættu. Fjárstýring Skipta veitir félaginu miðlæga fjármálaþjónustu svo sem vegna fjármögnunar, gjaldeyriskaupa, vaxtastýringar og áhættumati á mótaðilum. Starfsemi fjárstýringar er hagað innan ramma fjárstýringarstefnu Skipta sem er endurskoðuð árlega af stjórn félagsins. Félagið tekur ekki stöðu með fjármálagerningum, þar með talið afleiddum fjármálagerningum, byggða á spákaupmennsku.

Skýringar

Vaxtaáhætta:

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Breytingar á markaðsvöxtum hefur áhrif á vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi. Lánasafn félagsins samastendur af skuldabréfum útgefnum í ISK með föstum vöxtum, lánum í erlendum myntum með breytilegum vöxtum og lánum í ISK með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins eru hærri en vaxtaberandi fjáreignir, en vaxtaáhættan er vegna breytilegra vaxta. Áhættan liggur því í að möguleg hækkun á vöxtum leiði til hækkunar á fjármagnsliðum.

Næmnigreining á breytingum á vöxtum var gerð miðað við stöðu á fjáreignum og skuldum í lok ársins. Í lok árs 2014 voru 30% (2013; 30%) af skuldum félagsins með fasta vaxtaprósentu fyrir næstu 12 mánuði. Næmnigreiningin gerir ráð fyrir að fjárhæð fjárskulda með breytilega vexti í lok árs sé eins allt árið. Miðað við 100 punkta hækkun á markaðsvöxtum og að allar aðrar forsendur séu óbreyttar þá breytist afkoma og eigið fé um 134 m.kr. (2013; 147 .kr.). Fjáreignir og skuldir félagsins með fasta vexti eru ekki næmar fyrir breytingum á vöxtum.

Gjaldmiðlaáhætta:

Félagið ber stærsta áhættu gagnvart EUR, USD, CHF, GBP, JPY, og DKK. Gengi hefur áhrif á rekstur erlendra dótturfélaga. Hluti af fjárfestingum félagsins er í erlendri mynt. Að minna marki hefur gengið áhrif á tekjur og rekstrargjöld félagsins Í árslok 2014 voru engin (2013: 0%) af langtímalánum félagsins í erlendum gjaldmiðlum.

Eignir og skuldir félagsins í erlendri mynt miðað við gengi í lok árs má sjá í eftirfarandi töflu:

	Eignir		Skuldir	
	31.12.2014	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2013
EUR	343	55	916	94
DKK	1	466	283	385
GBP	0	0	5	5
USD	2.798	75	441	148
CHF	1	0	0	1
JPY	0	0	0	0
Aðrir gjaldmiðlar	0	1	2	2
	3.143	597	1.647	635

Efnahagsreikningur Skipta er ekki viðkvæmur gagnvart flökti á gengi gjaldmiðla. Næmnigreining á gengisáhættu metur áhrif flökts gengis gjaldmiðla á útistandandi fjármagnsliði miðað við gengi við lok núverandi tímabils. Gert er ráð fyrir að allar aðrar breytur séu fastar. Áhrifin á afkomu og hlutafé eru 12 milljónir króna (2013: 3 milljónir króna) hækkun/lækkun fyrir hvert 1% í hækkun/lækkun á gengi krónunnar.

Lánsáhætta:

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Áhætta félagsins gagnvart lánsáhættu er takmörkuð við fjárhagslegar eignir listaðar á efnahagsreikningi auk vissra ábyrgða. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Viðskipakröfur félagsins eru á hendur fjöldamörgum viðskiptavinum sem dreifast á margar starfsgreinar og landssvæði. Viðskiptakröfur eru ekki háðar fáum stórum viðskiptavinum.

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Mesta mögulega tap	
	31.12.2014	31.12.2013
Viðskiptakröfur	5.656	4.915
Handbært fé	4.007	609
Aðrar skammtímakröfur	124	422
Langtímakröfur	226	171
Framvirkir gjaldmiðlaskiptasamningar	0	2.300
Ábyrgðir	443	621
	10.456	9.038

Meirihluti viðskiptakrafna félagsins eru til greiðslu innan 90 daga. Í árslok voru ógjaldfallnar kröfur 3.629 m.kr. (2013: 3.416 m.kr.). Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Eftirfarandi tafla sýnir aldursdreifingu viðskiptakrafna sem komnar eru á gjalddaga að teknu tilliti til framlags í afskriftasjóð.

	31.12.2014	31.12.2013
Gjaldfallið innan 30 daga	160	142
Gjaldfallið fyrir 31-60 dögum	63	29
Gjaldfallið fyrir 61-180 dögum	102	103
Gjaldfallið fyrir meira en 180 dögum	18	86
	343	360

Lánsáhætta vegna viðskiptavina er lítil þar sem að viðskiptamenn félagins eru margir og ótengdir. Því telja stjórnendur félagsins ekki þörf á frekar varúðarfærslum umfram hefðbundnar færslur í afskriftasjóð viðskiptakrafna. Undir rekstrarkostnaði voru gjaldfærðar afskrifaðar kröfur að fjárhæð 112 m.kr. á árinu 2014 (2013: 153 m.kr.).

Lausafjáráhætta:

Lausafjáráhætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Félagið mætir þessari áhættu með því að gera áætlanir um greiðslur og tryggja nægjanlega varasjóði og aðgang að lánalínum. Eftirfarandi tafla greinir skuldbindingar félagsins eftir gjalddögum þeirra. Taflan miðar við ónúvirtar greiðslur og að greitt sé á fyrsta samningsbundna greiðsludegi. Vegið meðaltal fastra vaxta er 4% (2013: 4%) og vegið meðaltal fljótandi vaxta er 7,75% í enda árs 2014 (2013: 7,85%).

31. desember 2014	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Samtals
Langtímalán	2.909	2.883	8.059	27.007	40.857
Viðskiptaskuldir	5.583				5.583
	8.492	2.883	8.059	27.007	46.440

31. desember 2013	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Samtals
Langtímalán	3.143	2.924	8.122	29.424	43.613
Viðskiptaskuldir	5.247				5.247
	8.390	2.924	8.122	29.424	48.860

Gangvirði:

Það er mat stjórnenda að ekki sé verulegur munur á bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda og gangvirði þeirra í reikningsskilunum.

Ábyrgðir og önnur mál

24. Félagið hefur lagt eignir að veði til að tryggja skuldbindingar vegna lána að fjárhæð 25.429 m.kr. (2013: 26.711 m.kr.) í árslok.

25. Félagið er í ábyrgð fyrir Farice vegna láns að fjárhæð 207 m.kr.

26. Rekstrarleigusamningar

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Rekstrarleigusamningarnir eru vegna húsaleigu og bifreiða.

Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig:

	2014	2013
Innan árs	629	638
Eftir 1-5 ár	1.225	1.626
	1.854	2.264

27. Óvissa

Félagið er í málarekstri varðandi ýmis mál, sem snúa að túlkunum á fjarskipta- og samkeppnislögum. Þar á meðal hefur Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafið formlega rannsókn á hugsanlegri ríkisaðstoð til Símans á grundvelli samnings um uppbyggingu háhraðanetkerfis á dreifbýlum svæðum á Íslandi. Fjarskipti hf. (Vodafone) hafa stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meints ólögmæts verðþrýstings. Nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega níu hundruð milljónum króna. Inter sem eru samtök aðila er veita internetþjónustu hafa stefnt félaginu og krefjast skaðabóta vegna meintra brota á samkeppnislögum. Fjárhæðin kröfunnar nemur allt að þremur milljörðum króna. TSC ehf. hefur stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meintra brota á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2005. Nemur stefnufjárhæð rúmlega hundrað milljónum króna. Félagið hefur hafnað málatilbúnaði gagnaðila í öllum málunum og gagnstefnt Fjarskiptum hf.

Þrátt fyrir að óvissa sé um útkomu þessara mála, þá er það mat stjórnenda félagsins að útkoma þeirra muni ekki hafa umtalsverð áhrif á getu þess til að standa við skuldbindingar sínar.

28. Tengdir aðilar

Viðskiptum milli tengdra aðila innan samstæðunnar hefur verið eytt út í samstæðureikningi félagsins. Arion banki hf. á 38,3 % hlut í Skiptum en bankinn er stærsti lánveitandi félagsins.

Viðskipti við tengd félög árið 2014:

	Seld þjónusta	Vaxtagreiðslur	Kröfur	Skuldir
Arion banki hf.	179	1.437	28	17.947
	179	1.437	28	17.947

Viðskipti við tengd félög árið 2013:

	Seld þjónusta	Vaxtagreiðslur	Kröfur	Skuldir
Arion banki hf.	174	1.378	23	18.912
	174	1.378	23	18.912

Laun lykilstarfsmanna eru tilgreind í skýringu 7.

Skýringar

Atburðir eftir reikningsskiladag:

29. Stjórnir Skipta hf. og Símans hf. hafa ákveðið að rekstur félaganna verði sameinaður undir nafni Símans hf. Sameiningin verður framkvæmd með félagaréttarlegum samruna þar sem Skipti hf. verður yfirtökufélagið. Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringar eða breytingar á ársreikningi.

30. Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu ársreikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 20. febrúar 2015.